

Alþingi
Erindi nr. P 132/1692
komudagur 21.4.2006



F I S K I S T O F A

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 19.04.2006
Tilv. 0037/2006 - 60.12

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, 620. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 4. apríl 2006, þar sem Fiskistofu er gefinn kostur á að gefa umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Í 27. gr. lagafrumvarpsins eru ákvæði er varða sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna. Vegna þess sem fram kemur í athugasemdum með þeirri grein vill Fiskistofa benda á sérstöðu löggiltra vigtarmanna sem jafnframt eru starfsmenn hafna (hafnarvigtarmenn). Hlutverk og skyldur hafnarvigtarmanna er nokkurs annars eðlis en hlutverk og skyldur löggiltra vigtarmanna sem vigta hjá fyrirtækjum, sbr. ákvæði III. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar um vigtun sjávarafla. Með þeim ákvæðum er hafnaryfirvöldum fengið mikilvægt eftirlitshlutverk með vigtun og skráningu sjávarafla sem m.a. felst í að hafa tiltekið eftirlit með störfum löggiltra vigtarmanna sem annast vigtun hjá fyrirtækjum.

Vegna þessa telur Fiskistofa mikilvægt að við setningu reglna um sérstakt hæfi vigtarmanna sé gerður greinarmunur á hafnarvigtarmönnum og löggiltum vigtarmönnum almennt. Í þessu sambandi telur Fiskistofa einnig nauðsynlegt að ekki leiki vafi á að hvaða leyti hæfisreglur sveitarstjórnarlaga og / eða stjórnarsýslulaga eigi við um störf hafnarvigtarmanna.

Fiskistofa gerir ekki aðrar athugasemdir við umrætt lagafrumvarp.

F.h. Fiskistofu

Árni Múli Jónasson / Hrefna Gísladóttir